

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 7. desember 2006 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á ákvörðun ráðsins nr. 2006/631/DIM frá 24. júlí 2006 þar sem ákveðið er hvaða dag tiltekin ákvæði ákvörðunar 2005/211/DIM um innleiðingu nýrra aðgerða í Schengen-upplýsingakerfið, þ.m.t. í tengslum við baráttuna gegn hryðjuverkum, koma til framkvæmda, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21/2000. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 7. desember 2006.

Ákvörðunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almennungi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 14. desember 2006.

Valgerður Sverrisdóttir.

Grétar Már Sigurðsson.

Fylgiskjal.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS 2006/631/DIM frá 24. júlí 2006

þar sem ákveðið er hvaða dag tiltekin ákvæði ákvörðunar 2005/211/DIM um innleiðingu nýrra aðgerða í Schengen-upplýsingakerfið, þ.m.t. í tengslum við baráttuna gegn hryðjuverkum, koma til framkvæmda

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2005/211/DIM frá 24. febrúar 2005 um innleiðingu nýrra aðgerða í Schengen-upplýsingakerfið þ.m.t. í tengslum við baráttuna gegn hryðjuverkum¹, einkum 4. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Í 4. mgr. 2. gr. ákvörðunar 2005/211/DIM er kveðið á um að tiltekin ákvæði 1. gr. þeirrar ákvörðunar öðlist gildi á þeim degi sem ráðið ákveður um leið og nauðsynleg skilyrði hafa verið uppfyllt og að ráðinu sé heimilt að ákveða mismunandi dagsetningar fyrir gildistöku þessara ákvæða.
2. Skilyrðin, sem um getur í fyrrnefndri 4. mgr. 2. gr., hafa verið uppfyllt að því er varðar 9. mgr. 1. gr. (ný 101. gr. A og ný 101. gr. B) ákvörðunar 2005/211/DIM.
3. Að því er Sviss varðar telst þessi ákvörðun vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna í skilningi samningsins sem Evrópusambandið, Evrópubandalagið og Ríkjasambandið Sviss gerðu með sér um þátttöku Ríkjasambandsins Sviss í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sem falla innan sviðsins sem um getur í G-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag um beitingu samningsins sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna², túlkuð í tengslum við 1. mgr. 4. gr. ákvörðunar ráðsins 2004/849/EB³ og ákvörðunar ráðsins 2004/860/EB⁴, sem báðar eru

1 Stjtuð. ESB L 68, 15.3.2005, bls. 44.

2 Stjtuð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.

3 Stjtuð. ESB L 368, 15.12.2004, bls. 26.

4 Stjtuð. ESB L 370, 17.12.2004, bls. 78.

frá 25. október 2004, um undirritunina fyrir hönd Evrópusambandsins, undirritunina fyrir hönd Evrópubandalagsins og um bráðabirgðabeitingu tiltekinna ákvæða þess sammings við Ríkjasambandið Sviss.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Ákvæði 9. mgr. 1. gr. (ný 101. gr. A og ný 101. gr. B) ákvörðunar 2005/211/DIM koma til framkvæmda frá og með 1. október 2006.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún er samþykkt.

Hún skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 24. júlí 2006.

Fyrir hönd ráðsins,
K. RAJAMÄKI
forseti.

COUNCIL DECISION 2006/631/JHA
of 24 July 2006
fixing the date of application of certain provisions of Decision 2005/211/JHA
concerning the introduction of some new functions for the Schengen Information System,
including in the fight against terrorism

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,

Having regard to Council Decision 2005/211/JHA of 24 February 2005 concerning the introduction of some new functions for the Schengen Information System, including in the fight against terrorism¹, and in particular Article 2(4) thereof,

Whereas:

1. Article 2(4) of Decision 2005/211/JHA specifies that certain provisions of Article 1 of that Decision shall take effect from a date to be fixed by the Council, as soon as the necessary preconditions have been fulfilled, and that the Council may decide to fix different dates concerning the taking effect of those provisions.
2. The preconditions mentioned in said Article 2(4) have been fulfilled in respect of Article 1(9) (new Articles 101A and 101B) of Decision 2005/211/JHA.
3. As regards Switzerland, this Decision constitutes a development of the provisions of the Schengen acquis within the meaning of the Agreement signed between the European Union, the European Community and the Swiss Confederation on the Swiss Confederation's association with the implementation, application and development of the Schengen acquis, which falls within the area referred to in Article 1, point G of Council Decision 1999/437/EC of 17 May 1999 on certain arrangements for the application of the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the association of those two States with the implementation, application and development of the Schengen acquis², read in conjunction with Article 4(1) of Council Decision 2004/849/EC³ and Council Decision 2004/860/EC⁴ both of 25 October 2004 on the signing, on behalf of the European Union, on the signing, on behalf of the European Community, and on the provisional application of certain provisions of the said Agreement with the Swiss Confederation,

HAS DECIDED AS FOLLOWS:

Article 1

Article 1(9) (new Articles 101A and 101B) of Decision 2005/211/JHA shall apply from 1 October 2006.

Article 2

This Decision shall enter into force on the date of its adoption.
It shall be published in the Official Journal of the European Union.

Done at Brussels, 24 July 2006.

For the Council
The President
K. Rajamäki

C-deild – Útgáfud.: 17. október 2016

¹ OJ L 68, 15.3.2005, p. 44.

² OJ L 176, 10.7.1999, p. 31.

³ OJ L 368, 15.12.2004, p. 26.

⁴ OJ L 370, 17.12.2004, p. 78.